

Fundur skólaráðs 8. desember 2015

Mættir voru: Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri, Magnea Böðvarsdóttir og Sigurveig Öfundardóttir fulltrúar kennara, Þórunn Jóhannsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ingigerður Gísladóttir, Krístrún Ingadóttir (fyrir Herdísi Gunnlaugsdóttur) og Bjarney Einarsdóttir fulltrúar foreldra, Margrét Fríða Hjálmarsdóttir formaður nemendafélagsins. Guðbjörg Sveinsdóttir aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun
Fjárhagsáætlun fyrir 2016 hefur verið samþykkt. Halldóra fór yfir helstu atriði fjárhagsáætlunar, eignfærða fjárfestingu (viðhald og nýkaup) og síðan rekstrarliðina. Umræður urðu um ýmislegt varðandi viðhald og rekstur á skólahúsnæði bæði við Ásabraut og Suðurhóp.
2. Niðurstöður samræmdra prófa
Halldóra kynnti helstu niðurstöður þessa árs og bar þær saman við niðurstöður síðustu ára. Kennarar viðkomandi árganga fá niðurstöður og prófin og skoða vinnu hvers nemenda fyrir sig. Prófin eru síðan afhent foreldrum á samskiptadegi í janúar. Kennsluáætlanir á vorönn eiga að taka mið af þessu að einhverju leiti. Kennarar yngri árganga fá líka helstu upplýsingar og geta nýtt þær til að endurskoða sínar kennsluáætlanir og skipuleggja undirbúning fyrir samræmdu prófin. Rannsóknir sýna að umhverfi, heimilisaðstæður, fyrri þekking, viðhorf og áhugi skýrir um 80% af árangri nemenda. Því er mikilvægt að foreldrar, samfélagið og skólinn vinni saman til að bæta árangur nemenda okkar.
3. Umbótaáætlun – skóli og samfélag
Búið er að kynna hluta áætlunarinnar fyrir skólaráði en það voru þau atriði sem ákveðið var að leggja áherslu á næstu tvö árin. Fræðslunefnd kallaði eftir útskýringum fyrir alla þætti sem nefndir voru á fundi foreldra í júní. Því var sá hluti skýrslunnar kynntur núna í skólaráði. Halldóra fór yfir helstu þætti og síðan verður skýrslan kynnt í morgunskrafi skólastjórnenda með foreldrum í næstu viku.
4. Foreldrafélagið
Halldóra hitti stjórnina fyrir stuttu þar sem lögð var áhersla á gott samstarf. Mikill hugur er í nýrri stjórn og ætlar hún m.a. að fara vel yfir verklag bekkjarfulltrúa. Ábending kom fram um að sýna myndina 6Thing. Einnig var rætt um að fá endurskinsmerki fyrir alla nemendur skólans og fá lögregluna í heimsókn. Foreldrafélagið er að hugsa um að setja upp Facebook síðu.